

# Skýrsla stjórnar

Stofnfundur foreldrafélags við Álfhólsskóla var haldinn 27. september 2010. Skólaárið var því komið vel af stað þegar foreldrafélagið tók formlega til starfa. Nokkurn tíma tók að sækja um kennitölu fyrir félagið og stofna bankareikning. Það var því ekki fyrr en í lok október sem félagið var formlega orðið til þó vissulega hafi verið búið að halda fundi til að skipuleggja starfið. Stofnað var netfang fyrir foreldrafélagið og er það [ffalfhol@gmail.com](mailto:ffalfhol@gmail.com).

Í stjórn foreldrafélagsins voru kosin á fyrsta aðalfundi Sigurður Grétarsson formaður, Karen Jenny Heiðarsdóttir varaformaður, Lárus Axel Sigurjónsson gjaldkeri, Hildur Kristín Sveinsdóttir ritari, og meðstjórnendur Særún Sigurjónsdóttir, Selma Guðmundsdóttir og Reynir Gylfason. Varamenn voru kjörnir Sólveig B. Hlöðversdóttir, Kristína Andrea Einarsdóttir og Lára Guðrún Gunnarsdóttir. Lárus Axel og Hildur tóku að sér að vera tengiliðir við yngsta stig, Særún og Selma við miðstig og Reynir og Karen við elsta stig. Sólveig kom inn í stjórn í febrúar þegar Reynir flutti úr landi.

Á aðalfundi voru Marinó Marinósson og Særún Sigurjónsdóttir kosin fulltrúar foreldra í skólaráð og Lárus Axel Sigurjónsson og Ragnheiður Bóasdóttir sem varamenn í skólaráð.

Við stefnumótun fyrir veturinn voru skoðaðar þær hefðir sem höfðu verið til staðar í gömlu skólunum. Hvað ætti að halda í og hvað mætti gera nýtt. Bæði foreldraröltið og foreldraleikfimin voru sameiginleg verkefni skólanna og þurfti því ekki að sameina þá þætti. Það þurfti hins vegar að gera varðandi aðra þætti í starfsemi foreldrafélagsins.

Fyrsti viðburðurinn sem foreldrafélagið stóð fyrir var fulltrúaráðsfundur sem haldinn var 17. nóvember í salnum í Digranesi. Fulltrúaráðið samanstendur af bekkjarfulltrúum, stjórn foreldrafélagsins og fulltrúum foreldra í skólaráði. Við skipulagningu þess fundar naut stjórnin aðstoðar Helgu Margrétar Guðmundsdóttur hjá samtökunum Heimili og skóli sem meðal annars kynnti fyrir fundarmönnum hvert hlutverk foreldrafélags, bekkjarfulltrúa og skólaráðs er.

Næsta verkefni foreldrafélagsins var að standa fyrir laufabrauðsdegi í Hjalla þann 4. desember. 10 bekkingar sáu ásamt foreldrum sínum um framkvæmd dagsins og rann ágóði af honum í ferðasjóð þeirra. Þar var skorið út laufabrauð ásamt því að skreyta piparkökur og gátu þeir sem þátt tóku í hátíðinni keypt sér kakó og vöfflur af 10. bekkingum. Foreldrafélagið styrkti ferðasjóð 10. bekkinga með því að kaupa kakó og vöfflur fyrir Skólahljómsveit Kópavogs sem sá um tónlistarflutning.

2. febrúar var haldinn fulltrúaráðsfundur og námskeið fyrir bekkjarfulltrúa. Fyrirlesari á námskeiðinu var Helga Margrét Guðmundsdóttir félagsmála – og tómstundaráðgjafi. Ræddi hún um foreldrafærni í fyrirlestri sem hún nefndi Vitund og vakning foreldra í Álfhólsskóla

Á öskudaginn greiddi foreldrafélagið fyrir nammi fyrir börn í yngsta- og miðstigi og snakk fyrir börn á elsta stigi. Að öðru leyti sá skólinn alfarið um viðburði þess dags.

Á morgun, miðvikudaginn 18. maí verður haldin vorhátíð skólans í samvinnu foreldrafélagsins og félagsmiðstöðvarinnar Pegasus. Foreldrafélagið mun bjóða upp á hoppikastala og klifurvegg auk þess sem þau leiktæki sem skólinn á verða notuð eins og kostur er. Einnig verða seldar grillaðar pylsur og drykkir.

Þótt vissulega hafi fyrsta starfsár foreldrafélagsins borið þess merki að vel var komið fram á vetur þegar það var stofnað, auk þess sem nánast allir stjórnarmenn eru að sinna þessu starfi í fyrsta skipti þá vonar stjórn félagsins að bæði foreldrar, nemendur og starfsmenn skólans séu sáttir við þetta fyrsta starfsár þess.